



Reykjavíkurborg
Menntasvið

GREINING Á STARFI:

SKÓLALIÐAR
Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

MARS 2008

Tölfræði- og rannsóknþjónusta



GREINING Á STARFI:
SKÓLALIÐAR
Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

Umsjón og úrvinnsla könnunar:
Ásgeir Björgvinsson

Gagnaöflun:
Ásgeir Björgvinsson
Áslaug Grétarsdóttir
Eva Björk Valdimarsdóttir

Skýrsla:
Ásgeir Björgvinsson
Hildur B. Svavarsdóttir

Menntasvið Reykjavíkurborgar
Mars 2008

Efnisyfirlit

I. Inngangur	2
II. Aðferð	3
1. Viðmælendur	3
2. Tæki	3
3. Framkvæmd	3
III. Niðurstöður	4
1. Bakgrunnur	4
2. Verkefni skólaliða	6
3. Færnikröfur í starfi	9
4. Þjálfun við upphaf starfs og símenntun	19
5. Þróun starfs	22
IV. Samantekt	24
V. Lokaorð	26

Myndir og töflur

Mynd 1. Starfsaldur skólaliða	4
Mynd 2. Hvernig skólaliðarnir fengu starfið	5
Mynd 3. Samskipti við nemendur	6
Mynd 4. Ýmis verkefni	7
Mynd 5. Grundvallarfærni – lestur í starfi.	10
Mynd 6. Grundvallarfærni – reikningur í starfi	11
Mynd 7. Grundvallarfærni – notkun erlendra tungumála í starfi.	12
Mynd 8. Tjáning og samskipti í starfi.	13
Mynd 9. Samvinna	13
Mynd 10. Erfiðleikar/ágreiningur í samstarfi	14
Mynd 11. Framkvæmd viðfangsefna.	15
Mynd 12. Fjölbreytni í starfi.	16
Mynd 13. Tilgangur nýrra hugmynda	17
Mynd 14. Símenntun	20
Mynd 15. Þróun starfsins	22
Tafla 1. Þróun starfslýsingar	8
Tafla 2. Mikilvægi færniþátta og mat á eigin færni	18

I. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum úr könnun á störfum skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur sem gerð var sumarið 2007. Undanfarin ár hafa störf „nýrra starfsstétta“ í grunnskólum Reykjavíkurborgar verið skoðuð sérstaklega, þar á meðal störf stuðningsfulltrúa, náms- og starfsráðgjafa og þroskaþjálfara, en skýrslur vegna starfanna komu út árið 2006. Ítarleg kortlagning á störfum skólaliða var gerð árið 1998, eða um það leyti sem til þessa starfs var stofnað í grunnskólunum. Í þeirri rannsókn voru kröfur um færni starfsmanna skoðaðar, og almenn starfslýsing búin til¹. Voru þessar upplýsingar m.a. notaðar í undirbúningi náms fyrir skólaliða samhliða starfi. Vorið 2007 voru skólaliðar starfandi í flestum grunnskólum í Reykjavík.

Á vormánuðum 2007 var ákveðið að skoða aftur störf skólaliða í grunnskólum nú þegar um áratugur er síðan það var síðast gert. Áhugi var á að skoða störf þeirra nú og sjá í hvaða átt starfið hefur þróast, bæði með tilliti til krafna um færni og verkefna sem tilheyra starfinu. Gögnum var safnað í júnímánuði til að hægt væri að ná til starfsfólks sem hefði að minnsta kosti starfsreynslu sem nemur einu skólaári. Úrvinnsla beið fram í nóvember 2007. Í skýrslunni er lýst bakgrunni viðmælenda, verkefnum þeirra, kröfum um færni, símenntun og þróun starfsins.

¹ Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Daníelsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir. 1998. *Rannsókn á færnikröfum starfa: Greining á starfi – Skólaliði*. Reykjavík: Sammennt.

II. Aðferð

1. Viðmælendur

Rætt var við 21 skólaliða sem allir komu úr sitt hvorum skólanum. Tuttugu komu úr almennum grunnskólum og einn úr sérskóla. Þá var talað við sex skólastjóra til þess að fá þeirra viðhorf til starfsins.

Fjölbreytni var gætt við val á viðmælendum. Þannig var í fyrsta lagi talað við skólaliða í skólum sem hafa mjög marga nemendur (fleiri en 700), og í skólum þar sem eru mjög fáir nemendur (undir 200), og allt þar á milli. Í annan stað var talað við skólaliða í öllum skólagerðum, þ.e. heildstæðum skólum, barnaskólum, unglingskólum og sérskólum. Í þriðja lagi var þess gætt að skólaliðarnir kæmu úr öllum borgahverfum. Ekki voru skólaliðar starfandi í öllum skólum borgarinnar þegar könnunin fór fram, en engu að síður tókst að uppfylla ofangreind skilyrði við val á viðmælendum, sem að endingu voru 21.

2. Tæki

Gagna var aflað með spurningalista sem spyrjar lögðu fyrir í viðtali. Í könnuninni var fyrst spurt um bakgrunn viðmælenda, s.s. starfshlutfall, starfsaldur og menntun. Í öðru lagi var spurt um hvort, og þá hversu oft, skólaliðar sinntu ákveðnum verkefnum í starfinu. Svör við þessum lið voru síðan notuð til að útbúa starfslýsingu fyrir skólaliða. Viðmælendur gerðu grein fyrir að hve miklu leyti reyndi á hina ýmsu færniþætti í skólaliðastarfinu, s.s. grundvallarfærni (lestur, skrift, reikning og erlend tungumál), samskiptafærni, samstarfsfærni, frumkvæði, skipulagfærni og færni í öflun og nýtingu gagna.

Skólaliðarnir voru einnig beðnir að meta hversu vel þeir teldu sig í stakk búna að sinna ákveðnum færniþáttum og meta mikilvægi þeirra í starfinu. Viðmælendur svöruðu spurningum um þá þjálfun sem þeir fengu þegar þeir byrjuðu í starfinu og um endurmenntun. Að endingu var lagt mat á þróun starfsins. Skólastjórnendur svöruðu sömu spurningum að mestu leyti en að auki nokkrum spurningum, aðallega um þróun skólaliðastarfsins.

Sá spurningalisti er notaður var í könnuninni, var byggður á spurningalistanum *Færniþættir starfa*, sem sérstaklega var hannaður fyrir rannsóknina *Rannsókn á færniþættum starfa: Greining á starfi – Skólaliði*, sem þegar hefur verið minnst á og var gerð árið 1998.

3. Framkvæmd

Vali á viðmælendum hefur þegar verið lýst. Leyfi var fengið hjá skólastjórnendum til að leggja spurningalista fyrir einn skólaliða í hverjum skóla og voru stjórnendur beðnir um að benda á einhvern skólaliða í sínum skóla sem tala mætti við. Var síðan haft samband við viðkomandi skólaliða og ákveðið í samráði við þá sjálfa, hvenær viðtölin myndu fara fram. Viðtöl við skólaliða fóru fram í júní 2007 en viðtöl við skólastjórnendur voru hinsvegar tekin í ágúst sama ár. Öll viðtöl voru tekin í viðkomandi skólum á skólatíma.

III. Niðurstöður


1. Bakgrunnur

Starfsaldur og starfsreynsla skólaliða

Rætt var við 19 konur og tvo karla í hópi skólaliða. Fæðingarár þeirra var á bilinu 1937-1981, og var meira en helmingur eldri en 40 ára. Rætt var við fjórar konur og tvo karla í hópi skólastjóra.

Alls störfuðu 13 af þeim 21 skólaliða sem talað var við í heildstæðum skólum (1-10. bekkur), tveir voru starfandi í unglingskólum (8-10. bekkur), fimm í barnaskólum (1-7. bekkur) og einn í sérskóla. Af þessum skólum var einn með 16-20 starfsmenn, 11 með 21-50 starfsmenn, sjö með 51-100 starfsmenn og tveir með yfir 100 starfsmenn. Skólastjórnendur sem tóku þátt komu úr flestum skólagerðum.


Eins og sjá má á mynd 1 höfðu yfir 80% skólaliðanna að minnsta kosti tveggja ára starfsreynslu sem skólaliðar og meira en þriðjungur hafði lengri en sex ára starfsreynslu.



Mynd 1. Starfsaldur skólaliða

Fimm skólaliðanna sögðust hafa starfað í öðrum skóla/skólum sem skólaliðar, áður en þeir hófu störf í þeim skólum sem þeir störfuðu í þegar könnunin fór fram. Þá sögðust tveir til viðbótar hafa unnið sambærileg störf áður. Enginn skólaliðanna taldi að kröfur um menntun hefðu verið gerðar til þeirra er þeir réðu sig á núverandi vinnustað en einn sagði að starfsreynslu sem skólaliða, eða einhvers sambærilegs, hefði verið krafist í upphafi.

Mynd 2 sýnir hvernig viðmælendur fengu það starf sem þeir voru í þegar könnunin fór fram. Næstum helmingur, eða tíu viðmælendur, fengu skólaliðastarfið eftir að hafa sótt beint um starfið án þess að það hafi verið auglýst, annaðhvort til skólans sjálfs eða til Reykjavíkurborgar. Þá var þremur viðmælendum (14%) boðið starfið, þrír svöruðu auglýsingu í blaði og nokkrir höfðu áður unnið í skólanum við önnur störf.



Mynd 2. Hvernig skólaliðarnir fengu starfið

Allir skólaliðarnir sem talað var við, höfðu skólaliðastarfið sem aðalstarf. Um 76% voru í 100% starfshlutfalli, tveir í 76-99% og þrír í 50-75% starfi. Langflestir skólaliða, eða 15 (71%) voru hvorki í öðrum störfum né í námi samhliða skólaliðastarfinu. Þrír sögðust vera í öðrum störfum í skólanum meðfram skólaliðastarfinu. Þannig var einn skólaliði líka starfsmaður í mötuneyti og annar var umsjónarmaður skóla. Fjórir (19%) voru í einu öðru starfi utan skólans. Tveir skólastjórnenda sögðu skólaliða í þeirra skóla einnig gegna starfi stuðningsfulltrúa.

Lokapróf 75% viðmælanda var grunnskólapróf. Tveir höfðu lokið starfsnámi, tveir stúdentsprófi og einn hafði lokið háskólanámi. Þetta eru önnur hlutföll en voru í skólaliðakönnuninni frá 1998 en þá höfðu 47% skólaliðanna lokið gagnfræðiprófi og 40% höfðu lokið einhverskonar starfsnámi. Skólaliðar voru spurðir að því hvort þeir hefðu lokið skólaliðanámi, eins og t.d. er boðið upp á í Borgarholtsskóla. Þrír skólaliðar (14%) höfðu lokið náminu á meðan einn (5%) hafði lokið hluta námsins. Skólaliði af erlendum uppruna þessara nefndi lélega íslenskukunnáttu sem ástæður fyrir því að hann hafði ekki sótt skólaliðanámið sem hann sagðist hafa mikinn áhuga á.


Viðmælendur voru spurðir nánar út í námsferil eftir að skyldunámi lauk. Þrettán (62%) nefndu a.m.k. eitthvað eitt sem frekara nám eftir skyldunám og gat þar verið um að ræða allt frá námskeiðum til háskólanáms. Þetta nám var fjölbreytt, nefnt var háskólanám í öðrum löndum, húsmæðraskólanám og námskeið verkalýðsfélaga og annarra félagasamtaka.

2. Verkefni skólaliða

Í þessum kafla er greint frá mælingum á verkefnum skólaliða. Til grundvallar var almenn starfslýsing skólaliða frá árinu 1998. Búinn var til listi yfir verkefni og átta viðmælendur að merkja við hversu oft, ef einhvern tíma, þeir sinntu þeim.

Samskipti við nemendur

Á mynd 3 sést hversu oft þeir sinntu tilteknum verkefnum tengdum *samskiptum við nemendur eða umsjón með þeim*. Það að leiðbeina nemendum í samskiptum við aðra nemendur eða starfsfólk skólans, að hafa umsjón með nemendum í frímínútum og að fylgjast með nemendum í hléum milli kennslustunda, eru verkefni sem margir (67-86%) skólaliðanna sinntu *daglega*. Miklu færri, eða sex (30%), höfðu *daglega*, eða *tvisvar til þrisvar í viku*, umsjón með nemendum í búningssklefum og eingöngu einn svarenda (5%) sinnti því að einhverju leyti að hafa umsjón með nemendum í lengdri viðveru, enda tilheyrir sú starfsemi nú frístundaheimilum ÍTR en var á hendi skólanna þegar starfið var síðast skoðað.




Mynd 3. Samskipti við nemendur

Þrír af skólastjórnendum sex töldu skólaliða *daglega* leiðbeina nemendum í samskiptum, sem er nokkuð minna hlutfall en kom fram í svörum skólaliðanna sjálfra. Á hinn bóginn sagði líka helmingur þeirra að skólaliðar hefðu *daglega* umsjón með nemendum í búningssklefa, sem er mun hærra hlutfall en í svörum skólaliða.

Þegar kom að því að *fylgja nemendum* sögðust átta skólaliðar (42%) fylgja nemendum milli kennslusvæða í starfi sínu, þar af tveir *daglega*. Aðeins einn viðmælandi (5%) annaðist gangbrautavörslu í starfinu sem skólaliði. Viðmælandur voru einnig spurðir hversu oft þeir færu í ferðalög með nemendum sem gæslumenn. Einn skólaliði (5%) fór *alltaf* með í slík ferðalög, en 11 (58%) *stundum*.

Ýmis verkefni

Margvísleg önnur verkefni er fallið gætu undir verksvið skólaliða, voru flokkuð undir *ýmis verkefni* í könnuninni. Hægt er að sjá hlutfall skólaliða eftir því hversu oft þeir sinntu þessum verkefnum í starfi sínu, á mynd 4. Ræsting skv. vinnuskipulagi, var sá hluti starfsins sem var lang fyrirferðarmestur, en allir viðmælendurnir utan einn (95%), sögðust *daglega* sjá um slíkt. Tveir aðrir þættir komu töluvert við sögu hjá skólaliðum, annarsvegar það að aðstoða nemendur við að ganga frá fatnaði sínum, en 86% sögðu það í verkahring sínum; hinsvegar að taka þátt í matargerð og afgreiðslu matvæla fyrir nemendur, en 81% skólaliða nefndu það sem hluta af starfinu og 48% sinntu því *daglega*. Viðmælendur sinntu hinum þremur verkefnum sem flokkuð voru sem ýmisleg verkefni, mun minna í skólaliðastarfinu. Þó svöruðu 62% fyrirspurnum foreldra í síma, en aðeins tveir (9%) *daglega*.



Mynd 4. Ýmis verkefni

Allir skólastjórnendurnir sögðu skólaliða í þeirra skólum sjá *daglega* um matargerð og afgreiðslu matvæla, sem er mun hærra hlutfall en í svörum skólaliða. Þá sögðu allir skólastjórnendur að skólaliðar aðstoðuðu á bókasafni eða skrifstofu viðkomandi skóla, þarf af sögðu þeir að skólaliðar gerðu þetta *daglega*. Þetta er líka mun hærra hlutfall en skólaliðarnir sjálfir gáfu upp.

Starfslýsing skólaliða

Eins og áður segir voru viðmælendur beðnir um að merkja við á starfslýsingunni frá 1998, hvort þeir í sínu skólaliðastarfi, sinntu þeim verkefnum sem fram komu á starfslýsingunni eða ekki. Ekki var beðið um að svarendur segðu til hversu oft þeir sinntu verkefnum, heldur eingöngu að meta þróun starfsins, þ.e. hvort verkefni sem voru á starfslýsingunni ættu við í dag.

Tafla 1. Þróun starfslýsingar

<i>Verkefni í starfslýsingu 1998</i>	<i>Mat skólaliða 2007</i>
fylgist með nemendum í hléum milli kennslustunda, leiðbeinir þeim í samskiptum, reynir að setta deilur og gætir þess að umgengisreglur séu virtar	Mjög algengt
aðstoðar nemendur, ef með þarf, við að ganga frá fatnaði sínum og gætir muna þeirra sem og klæða	Mjög algengt
þurrkar bleytu af göngum og heldur snyrtingum hreinum yfir daginn	Mjög algengt
þrífur reglulega gólf á ákveðnu svæði	Mjög algengt
Aðstoðar við uppröðun og tilfærslu á húsgögnum og tækjum þegar þörf er á aðstoðar við yfirsetu í prófum	Mjög algengt
smyr brauð og undirbýr nestistíma nemenda	Nokkuð algengt
afgreiðir mjólkurvörur og brauðmeti, stundum í samvinnu við unglunga	Nokkuð algengt
annast matargerð og framleiðslu fyrir þá nemendur sem kaupa mat í skólanum	Nokkuð algengt
Sér um innkaup er varða verkefni viðkomandi og fer í sendiferðir	Nokkuð algengt
veitir tilfallandi aðstoð eftir þörfum, t.d. við sínavörslu og ljósritun á skrifstofu eða bókaþróstun og uppröðun á bókasafni	Nokkuð algengt
Svarar fyrirspurnum foreldra í síma, t.d. um týndan fatnað og kemur honum til skila	Nokkuð algengt
fer í ferðalög með nemendum sem gæslumaður ásamt kennara	Nokkuð algengt
Hefur eftirlit með nemendum inni í kennslustofu, í fjarveru kennara, þ.e. gætir þess að þeir vinni verkefni sem lögð hafa verið fyrir	Óalgengt
stöðvar umferð og fylgir börnum yfir aðliggjandi umferðargötur skóla, tekur á móti nemendum úr skólabil og fylgir þeim milli kennslusvæða	Óalgengt
sinnir nemendum í lengdri viðveru með ýmsum hætti	Óalgengt
sækir fundi með hjúkrunarfræðingi, skólasálfræðingi og skólastjóra um vandamál og sérþarfir nemenda	Óalgengt
skrúfar frá og stillir hitastig í sturtum fyrir yngstu nemendur	Óalgengt
sér um þrif á sturtu-, búningsklefum og íþróttasal	Óalgengt
sóthreinsar áhöld í leikfimisal	Óalgengt
fer í sendiferðir og sér um innkaup er varða verkefni skólaliða	Óalgengt
aðstoðar nemendur í kennslustund sem þurfa hjálpar við vegna þroska- eða hreyfihömlunar	Óalgengt
aðstoðar kennara við sýnikennslu í handmenntum: t.d. við að hekla, klippa niður efni og fl.	Óalgengt
hringir inn í kennslustund	Óalgengt

Eins og sjá má í töflu 1 snúa meginverkefni skólaliða nú að samskiptum og þjónustu við nemendur og að ræstingum. Af 23 verkefnum úr starfslýsingunni frá 1998 fengu 10 merkinguna óalgengt, aðallega verkefni tengd íþróttakennslu. Sum þessara verkefna hafa færst til vegna skipulagsbreytinga, s.s. vegna frístundaheimila en önnur, t.d. aðstoð við nemendur í kennslustofum hafa færst yfir til annars starfsfólks í auknum mæli, s.s. til stuðningsfulltrúa. Í samtölum við skólaliðana reyndust verkefni tengd ræstingum hafa aukist og einnig umsjón og eftirlit með nemendum í frímínútum. Með þessar upplýsingar til hliðsjónar varð til eftirfarandi almenn lýsing á störfum skólaliða:

SKÓLALÍÐI/STARFSMAÐUR SKÓLA

starfar í grunnskóla við umsjón og eftirlit með nemendum á göngum og á skólalóð; sér um að halda skólahúsnæði hreinu; undir verkstjórn umsjónarmanns eða skólastjóra.

- ~ fylgist með nemendum í hléum milli kennslustunda og í frímínútum, leiðbeinir þeim í samskiptum, reynir að sætta deilur og gætir þess að umgengisreglur séu virtar;
- ~ fylgir nemendum milli kennslusvæða;
- ~ aðstoðar nemendur, ef með þarf, við að ganga frá fatnaði sínum og gætir muna þeirra og klæða;
- ~ sér um daglega ræstingu samkvæmt vinnuskipulagi, þ.e. þrífur reglulega gólf á ákveðnu svæði, þurrkar bleytu af göngum og heldur snyrtingum hreinum yfir daginn;
- ~ veitir aðstoð eftir þörfum, t.d. við sínavörslu og ljósritun á skrifstofu, eða verkefni á bókasafni;
- ~ svarar fyrirspurnum foreldra, t.d. um týndan fatnað og kemur honum til skila;
- ~ aðstoðar við uppröðun og tilfærslu á húsgögnum og tækjum ef þörf er á;

í sumum tilvikum

- ~ stöðvar umferð og fylgir börnum yfir aðliggjandi umferðargötur skóla, tekur á móti nemendum úr skólalóð;
- ~ hefur eftirlit með nemendum inni í kennslustofu, í fjarveru kennara, þ.e. gætir þess að þeir vinni verkefni sem lögð hafa verið fyrir;
- ~ aðstoðar við yfirsetu í prófum;
- ~ fer í ferðalög með nemendum sem gæslumaður ásamt kennara;
- ~ aðstoðar nemendur í kennslustund sem þurfa hjálpar við vegna þroska- eða hreyfihömlunar;
- ~ undirbýr og tekur til mat vegna nestistíma nemenda;
- ~ afgreiðir drykkjarvörur og brauðmeti, stundum í samvinnu við unglunga;
- ~ annast matargerð og framleiðslu fyrir þá nemendur sem kaupa mat í skólanum;
- ~ fer í sendiferðir og sér um innkaup
- ~ sækir fundi með hjúkrunarfræðingi, skólasálfræðingi og skólastjóra um vandamál og sérþarfir nemenda;
- ~ hringir inn í kennslustund

starfar stundum í leikfimi húsi eða skólasundlaug


- ~ hefur umsjón með nemendum í búningsklefum
- ~ skráfar frá og stillir hitastig í sturtum fyrir yngstu nemendur;
- ~ sér um þrif á sturtu-, búningsklefum og íþróttasal;
- ~ sóttþreinsar áhöld í leikfimisal;

3. Færnikröfur í starfi

Í könnuninni frá 1998 var spurt um almennar færnikröfur skólaliða sem reynir á í starfinu. Ákveðið var að spyrja aftur sömu spurninga nú, bæði til meta þróun m.t.t. krafna í starfi og til að gera almenna greiningu á skólaliðastarfinu fyrir árið 2007. Viðmælendur gerðu grein fyrir að hve miklu leyti reyndi á grundvallarfærni (lestur, skrift, reikningur og erlend tungumál), samskipta- og samstarfsfærni, frumkvæði, skipulagfærni og færni í öflun og nýtingu gagna. Skólaliðarnir mátu hversu vel þeir töldu sig í stakk búna að sinna ákveðnum færniþáttum og skólastjórnendur mátu einnig stöðu skólaliða almennt hvað það varðar. Þá voru báðir hóparnir beðnir um að meta hversu mikilvæga þeir teldu færniþættina í skólaliðastarfinu.

Grundvallarfærni: Lestur

Á mynd 5 má sjá að flestir viðmælenda í könnuninni (71-90%) sögðust lesaeyðublöð, einfaldar leiðbeiningar eða öryggisreglur; stutt bréf eða minnisblöð; ýtarlegar leiðbeiningar og fræðsluefni tengt starfi. Aðeins tveir skólaliðar sögðust lesa fjármálaskýrslur eða opinberar skýrslur í starfinu.



Mynd 5. Grundvallarfærni – lestur í starfi.


Svör skólastjóra varðandi lestur í starfi voru að mestu svipuð svörum skólaliða. Helsti munurinn var að einungis helmingur skólastjórnenda taldi skólaliða lesa ýtarlegar leiðbeiningar í starfinu, en yfir 80% skólaliða sögðust gera slíkt í starfinu. Miðað við svör skólaliða lesa þeir nú meira af ýtarlegum leiðbeiningum í starfinu en þeir gerðu árið 1998, því þá sagðist rúmur þriðjungur skólaliða gera slíkt í starfinu.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeir hefðu lent í því í starfinu að lesa svo flókinn texta að þeir hefðu átt erfitt með að skilja hann. Einn viðmælandi sagðist *oft* hafa átt í slíkum erfiðleikum og þrír (14%) *stundum*. Árið 1998 sagðist einn skólaliði af 15 (7%) *stundum*

lenda í erfiðleikum við að lesa texta í starfinu. Auknar kröfur um lestur gætu spilað inn í þessa niðurstöðu.

Grundvallarfærni: Reikningur

Næst var spurt um kröfur um reikning. Á mynd 6 má sjá niðurstöðuna en ekki reyndi mikið á reikning í starfi skólaliða. Tæpur helmingur, (48%), notaði einfaldar reikniaðgerðir eins og samlagningu, frádrátt, margföldun, deilingu eða gerði einfaldar mælingar. Aðeins tveir til fjórir viðmælenda (10-19%) notuðu flóknari reikniaðgerðir, s.s. prósentureikning eða verð á vörum. Þrír þátttakenda sögðust stundum þurfa að leita sér aðstoðar vegna ýmissa útreikninga tengda starfinu.



Mynd 6. Grundvallarfærni – reikningur í starfi


Skólastjórar og skólaliðar voru frekar sammála um kröfur um reikning, þó stjórnendur teldur skólaliðanna almennt reikna heldur meira en skólaliðarnir sjálfir greindu frá. Í rannsókninni frá 1998 var reikningur í skólaliðastarfinu líka léttvægur að mati skólaliðanna sjálfra, en þó sögðu 80% skólaliða þá að þeir gerðu einfaldar mælingar í starfinu, miðað við áður nefnd 48% árið 2007. Ef eitthvað er virðist því vera minna um að skólaliðar séu að reikna í starfinu nú en áður.

Grundvallarfærni: Skrift/textavinna

Líkt og með reikning reyndi lítið á skrift/textavinna hjá þeim skólaliðum sem rætt var við. Þó sagðist um fjórðungur útfylla eyðublöð, eins og reikninga eða vinnuskýrslur, slá inn/skrifa texta sem þeir hafi sjálfir samið eða skrifað leiðbeiningar eða áætlanir. Fleiri sögðust stundum hafa leitað sér aðstoðar vegna skrift/textavinnu í starfinu, miðað við reikning í starfi, eða sex viðmælendur (29%). Skólaliðar voru einnig spurðir hvað þeim þætti um stafsetningarkunnáttu sína og sögðu allir nema tveir hana *góða* eða *nægjanlega*.

Grundvallarfærni: Erlend tungumál

Notkun erlendra tungumála í starfi var seinasti liður undir grundvallarfærni. Tíu skólaliðar (48%) sögðust *oft* eða *stundum* tjá sig munnlega á erlendu tungumáli, eins og sjá má á mynd 8, og sumir á fleiri en einni erlendri tungu. Af þessum tíu sögðust átta tala ensku, einn norðurlandamál, einn spænsku og þrír nefndu önnur tungumál. Fjórir (19%) sögðust *oft/stundum* lesa á erlendu tungumál í starfinu og einn skólaliði sagðist skrifa á erlendu tungumáli í starfinu. Aðeins einn skólaliði sagðist einhvern tíma hafa reynt að komast hjá því að nota erlend tungumál í vinnunni.




Mynd 7. Grundvallarfærni – notkun erlendra tungumála í starfi.

Nokkuð fleiri skólaliðar sögðust *tala* erlend tungumál í skólaliðastarfinu í könnuninni nú en í könnuninni 1998. Kann það að skýrast af auknum fjölda nemenda og starfsfólks af erlendum uppruna í grunnskólunum nú en þá. Fjórir af þeim 21 skólaliða sem talað var við voru af erlendum uppruna. Tveir þeirra voru á íslenskunámskeiðum þegar könnunin fór fram.


Samskipta- og samvinnufærni

Fjórar spurningum snéru að samskiptafærni og má sjá niðurstöðurnar á mynd 8. Myndin sýnir að nær allir viðmælenda (95%) höfðu samskipti við annarsvegar samstarfsfólk og hinsvegar nemendur og/eða forráðamenn nemenda, þar af 67-71% *oft*. Nokkuð færri, eða 62%, brugðust við erindum í síma og fáir gerðu slíkt *oft*. Þá sagðist eingöngu einn skólaliði hafa formleg samskipti við stofnanir í starfi sínu.



Mynd 8. Tjáning og samskipti í starfi.

Spurt var um samvinnu skólaliða við aðra starfsmenn. Fyrst var spurt um hversu mikinn hluta vinnutímans viðmælendur ynnu með einhverjum öðrum að verkefnum. Eins og sjá má á mynd 9 vann yfir helmingur (62%) sagðist næstum *alltaf* með öðrum. Þrír (14%) unnu *yfir helming vinnutímans* með öðrum og aðrir þrír unnu *um helming vinnutímans* með öðrum. Því reyndi töluvert mikið á samvinnuhæfni skólaliðanna.




Mynd 9. Samvinna

Fram kom að 76% skólaliða sögðust hafa *kennt eða aðstoðað nýjan starfsmann*, þar af 28% *oft*. Þar reynir einnig á samvinnu og samskipti.

Einnig var spurt um hversu oft viðmælendur hefðu lent í samskiptaerfiðleikum í starfi. Oftast höfðu skólaliðar reynslu af einhverskonar erfiðleikum eða ágreiningi við samstarfsfólk, en 52% svarenda sögðu það *stundum* gerast eins og sjá má á mynd 10. Ástæðan var þá oftast *framkvæmd vinnunnar*. Næst algengast var að viðmælendur hefðu *stundum* upplifað erfiðleika

í samstarfi við yfirmenn, en 38% kváðu svo vera. Ástæðan fyrir þeim ágreiningi var t.d. launamál. Um 33% höfðu lent í erfiðleikum í samskiptum við nemendur og foreldra, þar af tveir (9%) *oft*. *Dagleg umgengni og hegðun nemenda* voru þar nefndar sem helstu ástæður ágreinings. Þau samskipti svarenda sem sjaldnast höfðu einkennst af erfiðleikum og ágreiningi eru samskiptin við undirmenn, en af þeim 13 sem sögðust hafa undirmenn, höfðu aðeins tveir (15%) *stundum* upplifað slíkt. Framkvæmd vinnu var þar aftur nefnd sem ástæða erfiðleika.




Mynd 10. Erfiðleikar/ágreiningur í samstarfi

Svör skólastjórnenda um samskipta- og samstarfsfærni voru mjög áþekkt svörum skólaliðanna sjálfra.. Niðurstöður vegna sömu spurninga í könnuninni árið 1998, voru mjög svipaðar og nú. Þó virðist ágreiningur við nemendur, sem einnig var sá hópur sem skólaliðar lentu helst í ágreiningi við í fyrri könnuninni, hafa farið minnkandi í samanburði.

Ákvarðanir og frumkvæði

Kröfur um frumkvæði og ábyrgð á framkvæmd viðfangsefna voru skoðaðar næst. Mynd 11 sýnir að flestir viðmælenda, eða 62% sögðust *oft* fá að ákveða sjálfir *hvernig* þeir framkvæma þau viðfangsefni, sem þeir sjálfir yfirleitt fást við, og 28% *stundum*. Í góðu samræmi við ofangreind svör, þá svöruðu 62% viðmælenda að yfirmenn þeirra réðu því *stundum* hvernig skólaliðarnir höguðu framkvæmdinni og 24% svöruðu að yfirmennirnir réðu því *oft* (viðmælendur voru beðnir að svara spurningunni um þann yfirmann sem þeir hefðu mest samskipti við. Þannig gat yfirmaðurinn t.d. verið umsjónarmaður skóla í sumum skólum en skólastjórnandi í öðrum).

Af 21 skólaliða sögðust 11 (52%) *oft* ráða því *hvenær dags* þeir framkvæmdu viðfangsefnin sín, 19% sögðust *alltaf* ráða því og önnur 19% *stundum*. Níu (43%) sögðu að yfirmenn sínir réðu því *stundum* hvenær skólaliðarnir framkvæmdu viðfangsefnin, 24% sögðu svo vera *oft* og önnur 24% *aldrei*.



Mynd 11. Framkvæmd viðfangsefna.

Af þessu má ráða að skólaliðar hafa nokkuð mikið svigrúm hvernig og hvenær þeir framkvæma sín verkefni þó samráð við yfirmenn sé einnig mikið.


Þrjú skólastjórnenda af sex, sögðu skólaliða *alltaf* ákveða sjálfir *hvernig* þeir framkvæmdu verkefni sín. Á móti kemur að fjórir stjórnenda sögðu ennfremur að yfirmenn skólaliða, hvort heldur um væri að ræða skólastjórnendur eða t.d. umsjónarmenn skóla, ákveddu *alltaf* framkvæmdina hjá skólaliðum, sem bendir til þess að samráð sé haft milli starfsfólks og yfirmanna, að það sé ákveðið í sameiningu hvernig og hvenær verkefni skólaliða eru framkvæmd.

Þrjár spurningar til skólaliða fjölluðu um samskipti þeirra við næstu yfirmenn. Sú fyrsta var svohljóðandi: *Hversu frjáls finnst þér þú vera í því að vera ósammála yfirmanni þínum?* Flestir skólaliða (43%) töldu sig *nokkuð frjálsta* í því að vera ósammála yfirmönnum sínum, þriðjungur (33%) taldi sig *mjög frjálstan* að þessu leyti en fimm (24%) viðmælendum fannst þeir *ekki frjálssir* hvað þetta varðar. Miðað við rannsóknina frá 1998 hefur frelsi skólaliða til að vera ósammála yfirmönnum sínum minnkað því þá sögðust 79% vera *mjög frjálssir* í því að vera ósammála yfirmönnum sínum og enginn sagðist *ekki frjálssir*.

Næsta spurning var eftirfarandi: *Hversu viljugur er yfirmaður þinn að hlusta á vandamál þín og hjálpa þér að finna lausnir?* *Mjög viljugir* sögðu 57% skólaliða, *nokkuð viljugir* sögðu 33% en tveir (10%) sögðu yfirmanninn *ekki viljugan*. Samanborið við könnunina frá 1998 voru yfirmenn þá viljugri til að hlusta á vandamál skólaliðanna en árið 2007. Þannig sögðu næstum allir skólaliðar árið 1998, eða 93%, að yfirmaðurinn væri *mjög viljugur* til að hlusta á vandamál skólaliða og enginn sagði yfirmanninn *ekki viljugan*.

Þriðja og síðasta spurningin um yfirmann var þessi: *Hversu oft finnst þér yfirmaður þinn koma fram við þig á sanngjarnan hátt?* 43% skólaliðanna fannst yfirmenn þeirra *alltaf* koma fram fram við sig á sanngjarnan hátt, 38% *oft* og 19% *stundum*. Engum fannst yfirmaðurinn *aldrei* koma fram við sig á sanngjarnan hátt. Niðurstöðunum frá 1998 svipar til þessara niðurstaðna.

Á mynd 12 má sjá hversu fjölbreytt skólaliðar töldu starf sitt vera. Sjö (33%) lýstu daglega starfinu þannig að þeir væru *sífelld að fást við mismunandi verkefni*, sex % (29%) sögðust *vinna sama verkið en á mismunandi hátt*, fimm (24%) lýstu starfinu þannig að þeir *ynnu sama verkið á sama hátt, aftur og aftur*, en þrír (14%) sögðust *öðru hvoru skipta um verkefni*. Árið 1998 töldu um helmingi fleiri skólaliðar að þeir ynnu sama verkið en á mismunandi hátt.




Mynd 12. Fjölbreytni í starfi.

Flestir skólastjórnenda lýstu störfum skólaliða þannig að þeir *ynnu sama verk, en á mismunandi hátt*, á móti 29% skólaliðanna sjálfra. Árið 1998 lýstu einnig flestir skólaliðanna (60%), sýnum störfum á þann hátt.

Spurt var um hugmyndaauðgi skólaliða og frumkvæði í starfi. Allir nema einn (95%) sögðust einhvern tíma hafa komið með nýjar hugmyndir í vinnunni, þar af 28% *oft* en hin 67% *stundum*. Skólastjórar töldu skólaliða koma mun oftast með nýjar hugmyndir um starfið en skólaliðar töldu sjálfir.

Sjá má á mynd 13 hver tilgangur hugmyndanna var (svarendur gátu merkt við fleiri en einn tilgang). Flestir (85%), sögðu markmið með nýjum hugmyndum hafa verið *að einfalda verk/spara tíma*. *Að bæta vinnuaðstæður* var sá tilgangur sem næst oftast (80%) var nefndur.



Mynd 13. Tilgangur nýrra hugmynda

Aðspurðir hversu oft hugmyndunum hefði verið komið í framkvæmd í skólunum, sagði helmingur þeirra sem höfðu komið fram með hugmyndir, að *stundum* hafa það verið. Átta (40%) svöruðu að sínar hugmyndir hefðu *oft* komist til framkvæmda, einn (5%) sagði það *alltaf* hafa komist til framkvæmda en annar sagði það *aldrei* hafa gerst. Nokkuð ósamræmi var á milli svara skólaliða og skólástjórnenda, því fimm af sex stjórnendum töldu að hugmyndir skólaliða kæmust *oft* til framkvæmda.

Skipulagsfærni

Átta spurningar voru í könnuninni um skipulagsfærni. Um 90% skólaliða sögðust *oft* eða *stundum* skipuleggja sinn tíma sjálfir, og 72% sögðust *oft* eða *stundum* gera tímaáætlun um verkefni, en þessi tvö verkefni voru áberandi fyrirferðarmest í svörum skólaliða. Fæstir skólaliðar ráðstöfuðu fjármunum eða skipulögðu tíma einhverra annarra, sáu um innkaup eða skipulögðu nýtingu húsnæðis. Því má segja að ekki hafi reynt á skipulagsfærni nema hvað varða skipulagningu eigin vinnutíma og tímasetningu verkefna.

Helstu breytingarnar á kröfum um skipulagsfærni frá 1998 voru þær að þá sögðust 32% skólaliða *oft* eða *stundum* gera tímaáætlunir um verkefni á móti 72% nú. Hinsvegar ráðstöfuðu skólaliðarnir áður í 55% tilvika *oft/stundum* fjármunum, en eingöngu 19% nú níu árum síðar.

Færni í öflun og nýtingu gagna

Færni í upplýsingatækni og notkun gagna skipaði lítinn sess í starfi skólaliðanna. Fyrir utan þá átta (38%) sem *stundum* leita að gögnum og/eða upplýsingum í tölvu, þá gerðu skólaliðarnir mjög lítið af öðrum þeim verkefnum sem spurt var um. Þó sögðust fjórir (20%) *oft* eða *stundum* skrá gögn og upplýsingar inn í tölvu.

Skólástjórnendur gerðu heldur ekki ráð fyrir mikilli gagna- og upplýsinganotkun skólaliða í starfi, en þó vildu tveir þeirra meina að skólaliðar í þeirra skóla *flokkuðu, röðuðu og/eða kæmu í geymslu skjölum, reikningum og öðrum pappírurum*, en þetta sagðist aðeins einn skólaliði gera.

Tvær breytingar hafa orðið á vinnu skólaliða með gögn og upplýsingar á árinu 2007 miðað við árið 1998, því að á fyrrnefnda árinu sagðist einn (5%) oft eða stundum hafa flokkað, raðað og/eða komið í geymslu, skjölum, reikningum og öðrum pappírurum, miðað við 30% 1998. Á móti kemur að bara 5% höfðu oft eða stundum leitað að gögnum og upplýsingum í tölvu árið 1998, samanborið við áður nefnd 38% nú.

Mat á eigin færni og mikilvægi færniþátta

Skólaliðar voru svo beðnir að meta eigin færni í þeim færniþáttum sem spurt var um og mikilvægi þeirra í starfi. Þegar skólaliðar svöruðu spurningum um *grundvallarfærniþætti* kom í ljós að þeir töldu lestur vera mikilvægasta færniþáttinn og einnig fannst þeim þeir standa best að vígi í þeim þætti. Þetta styður undir mælingu á notkun þessara færniþátta sem sagt var frá fyrr í skýrslunni þar sem reyndi mest á lestur af grundvallarfærniþáttum. Tæpur helmingur taldi sig vel geta mætt kröfum um erlenda tungumálanotkun en þó voru talsvert margir sem mátu færni sína sæmilega eða góða. Miðað við kröfur um tungumálakunnáttu ætti þetta þó ekki að vera stórt vandamál í starfi skólaliða.

Tafla 2. Mikilvægi færniþátta og mat á eigin færni

	Mikilvægi færniþátta í starfi			Eigin færni		
	Mikið	Nokkuð	Lítið	Góð	Sæmileg	Ábótavant
Lestur	34%	33%	33%	60%	30%	10%
Reikningur	10%	38%	52%	35%	59%	6%
Skrift/ritun	19%	33%	48%	53%	42%	5%
Erlend tungumálanotkun	9%	48%	43%	47%	24%	29%
Notkun gagna og upplýs.	5%	50%	45%	38%	25%	37%
Skipulagning	60%	35%	5%	65%	35%	0%
Hafa frumkvæði	50%	45%	5%	47%	53%	0%
Ákvarðanatáka	35%	60%	5%	57%	43%	0%
Munnleg tjáning	80%	20%	0%	75%	25%	0%
Samstarf við starfsfélaga	90%	10%	0%	86%	14%	0%
Samskipti	90%	10%	0%	85%	15%	0%

Mikilvægi í notkun gagna og upplýsinga var lítil eins og kom í ljós í mælingu á kröfum en skólaliðar töldu færni sína að mestu góða, þó voru það 37% sem töldu henni ábótavant. Það má segja að mikilvægi skipulagsfærni hafi komið mest á óvart miðað við kröfur um færni í starfinu þar ekki virtist reyna mikið á þá þætti í skipulagsfærni sem spurt var um en samt töldu 60% skólaliða skipulagsfærni mikilvæga í starfinu. Sveigjanleiki til að skipuleggja verkefni og vinnutíma var þó áberandi og er líklega það sem átt er við hér. Ekki kom á óvart mikilvægi samskipta- og samvinnufærni og töldu skólaliðar sig almennt hafa góða færni til að mæta þeim kröfum.

Skólástjórar mátu það hversu vel skólaliðar almennt væru eru í stakk búnir fyrir áður nefnda þætti á nánast sama hátt og skólaliðar og svör þeirra áþekk þegar kom að því að meta mikilvægi færniþátta vegna skólaliðastarfsins. Þó lögðu stjórnendur meiri áherslu á mikilvægi þess að skólaliðar sýndu frumkvæði í starfi (fimm af sex töldu það mjög mikilvægt), og að þeir notuðu gögn og upplýsingar (þrjú af sex töldu það mjög mikilvægt), heldur en skólaliðarnir gerðu sjálfir.

4. Þjálfun við upphaf starfs og símenntun

Þjálfun við upphaf starfs

Fimm af 21 (24%) skólaliða höfðu fengið þjálfun á fyrstu dögum í því starfi sem þeir voru í þegar könnunin fór fram. Af þessum fimm höfðu tveir fengið tilsögn frá *tilfallandi vinnufélögum*, einn frá *fráfarandi starfsmanni*, einn frá *útnefndum vinnufélaga* og einn frá *yfirmanni*. Enginn nefndi námskeið innan eða utan vinnustaðar, sem þá þjálfun sem þeir hafa fengið. Hér voru svör skólastjórnenda allt önnur, því fimm þeirra (83%) sögðu skólaliðanna fá þjálfun á fyrstu dögum þeirra í starfi, og fjórir þessara sögðu þjálfunina koma *frá yfirmönnum*. Samkvæmt þessu er hugsanlegt að skólastjórnendur ofmeti þá þjálfun sem skólaliðum stendur til boða, eða að meiri þjálfun bjóðist nú þeim skólaliðum sem eru að hefja störf í skólunum, en var þegar þessir skólaliðar hófu störf. Miðað við að 45% skólaliða fengu þjálfun í fyrstu dögum í starfi í könnuninni árið 1998, miðað við áður nefnd 24% nú níu árum síðar, virðist það þó ekki sennileg skýring.

Þegar þeir 16 sem *ekki* höfðu fengið þjálfun voru spurðir hvers vegna það var, voru þrjár algengustu ástæðurnar þær að skólaliðar *höfðu verið í svipuðu starfi áður* (sex skólaliðar), *ekki var þörf á þjálfun* (fimm) og *þjálfun var ekki í boði* (fjórir). Árið 1998 nefndu flestir skólaliða ástæðuna fyrir engri þjálfun vera að hún hafi ekki verið í boði.

Premur af þeim fimm skólaliðum sem höfðu fengið þjálfun á fyrstu dögum í starfi, fannst sú þjálfun hafa verið *nægjanleg*, en hinum tveimur fannst leiðsögnin *of lítil*. Engum þeirra fannst leiðsögnin *óþarflega tímafrek*. Eins og áður segir sögðu fimm af sex skólastjórnendum að skólaliðar fengu þjálfun á fyrstu dögum í nýju stafi. Af þessum fimm sögðu fjórir þjálfunina vera *mátulega* en einn að hún væri *of lítil*. Sá stjórnandi sem sagði skólaliða í sínum skóla ekki fá þjálfun við upphaf starfs taldi ekki þörf á því.

Símenntun

Eftir að skólaliðarnir höfðu byrjað í því starfi sem þeir voru í nú, höfðu 13 (62%) fengið einhverja símenntun þarf af 8 fyrir *meira en einu ári síðan*. Þeir sem höfðu sótt símenntun á síðasta ári tóku þátt í mislöngum námskeiðum, tveir starfsmenn í *allt að tvo daga*, einn í *8-15 daga* og annar í *16 daga*. Þá hafði einn skólaliðanna verið á þremur námskeiðum/námi á ólíkum tímum og mislöngum, eftir að hafa byrjað í starfinu.


Algengast var að skólaliðarnir hefðu sótt námskeið en þrír (23%) höfðu farið *í skóla* og einn (8%) fengið *leiðsögn á vinnustað*. Ef frekari þjálfun eða símenntun vegna skólaliðastarfsins væri í boði sögðu 7 af þeim 13 sem svöruðu spurningunni, að sú þjálfun/endurmenntun ætti að vera í formi *námskeiða*, þrír (23%) vildu helst fá betri *leiðsögn á vinnustað* og aðrir þrír vildu *leiðsögn á vinnustað og námskeið*.

Svör skólastjóra varðandi símenntun skólaliða voru á þá leið að allir sögðu þeir skólaliða hafa fengið símenntun eftir að hafa byrjað í starfinu, og aðeins einn stjórnendanna taldi það hafa átt sér stað fyrir *meira en 12 mánuðum síðan*.

Símenntun skólaliða er minni nú en árið 1998, því sá sögðust 90% skólaliða hafa fengið endurmenntun *á seinustu 12 mánuðum*, miðað við áður nefnd 62% nú.

Algengast var að skólaliðar hefðu áhuga á einhverskonar fræðslu um samskipti við nemendur, sérþarfir barna og hegðunarvanda, stæði þeim til boða að fara á námskeið í vinnutíma sínum. Íslenskunámskeið auk námskeiða um táknmál, skyndihjálp, matreiðslu og tölvufærni voru líka talin upp.

Þegar skólaliðarnir voru spurðir hvort þeir fengju nægilegar upplýsingar um símenntunarmöguleika sögðu 11 af 21, eða rétt rúmur helmingur, svo vera eins og sjá má á mynd 14. Svipað var uppi á teningnum um hvatningu frá yfirmanni til að nýta þau símenntunartækifæri sem bjóðast. Þar sögðu 12, eða 57% að þeir fengju hvatningu en hinir níu sögðu svo ekki vera.



Mynd 14. Símenntun

Allir skólastjórnendur töldu skólaliða fá nægar upplýsingar um símenntunarmöguleika, að þeir fengju hvatningu frá yfirmanni til að nýta símenntunartækifæri og að skólaliðar hefðu svigrúm til að nýta símenntunartækifæri á vinnutíma. Töluvert ósamrými var því á milli upplifunar stjórnenda annarsvegar og skólaliða hinsvegar, varðandi símenntunarmál hinna síðarnefndu.

Tveir þriðju hlutar skólaliðanna (67%) sögðust *stundum lenda í að gera eitthvað sem þeir réðu illa við* eða *þætti mjög erfitt*, í starfinu. Algengasta ástæðan fyrir þessum erfiðleikum var hegðunarvandamál nemenda. Skólastjórnendur voru líka á því að skólaliðar lentu *stundum í erfiðum verkefnum*, en nefndu þar helst líkamlegt erfiði eins og ræstingar sem ástæðu.

Í þeirri umræðu sem skapaðist í kringum spurningar um þjálfun í upphafi starfs og endurmenntun var það nánast einróma álit skólaliða, að það sem þá vantar í starfi er meiri fræðsla um börn almennt, hvort sem um er að ræða börn með sérþarfir eða ekki. Fannst mörgum þeir vera illa í stakk búnir að glíma við þau vandamál sem upp koma á milli barnanna, t.d. í frímínútum, og sem aðeins skólaliðar verða vitni að. Hér má t.d. nefna slagsmál og einelti. Dæmu voru um að skólaliðar treystu sér ekki inn í bekki þar sem voru börn með sérþarfir eða hegðunarvanda.

Í þessu sambandi töluðu nokkrir skólaliðar um að þeir fengju ekki nægjanlegar upplýsingar um sérþarfir nemenda, þrátt fyrir að skólaliðarnir hefðu mikil samskipti við þessa nemendur utan kennslustofunnar. Einnig minntust nokkrir á að þeir væru alltof lítið hafðir með í ráðum og beðnir um ráð og upplýsingar vegna t.d. nemenda með sérþarfir sem og nemenda með hegðunarvanda. En skólaliðar sæju nemendur oft í öðrum aðstæðum en í kennslustofum og hefðu því annað sjónarhorn og aðrar upplýsingar. Sumir vildu því fá að sitja fundi sem haldnir væru í skólunum þegar verið væri að ræða tiltekna nemendur eða fá upplýsingar um niðurstöður þeirra.


Spurningar til skólastjórnenda

Skólastjórnendur voru einnig spurðir nokkurra spurninga sem skólaliðar voru ekki beðnir um að svara. Spurningarnar vörðuðu þær færnikröfur sem stjórnendur myndu vilja gera til nýráðinna skólaliða, hvaða verkefnum þeir myndu vilja úthluta nýjum skólaliðum, hvernig þeir sæju menntunarkröfur á skólaliða þróast á næst árum og á hvaða námskeið þeir myndu vilja senda skólaliða á.

Þrír stjórnenda sögðu að þeir myndu gera *sömu* færnikröfur til nýrra skólaliða en hinir þrír sögðust myndu gera aðrar kröfur. Þetta voru oftast kröfur um persónulega þætti, s.s. samskiptafærni, þolinmæði, aðlögunarhæfni auk þess sem einn nefndi aukna almenna menntun. Fimm sögðu að þeir myndu fela nýjum skólaliðum sömu verkefni og áður en einn sagði að starfssvið nýs skólaliða yrði ef til vill fjölbreyttara. Af þeim fjórum sem svöruðu spurningunni um hvort þeir teldu að innan næstu fimm ára yrði krafist meiri menntunar vegna starfa eins og skólaliðastarfsins, sagðist einn telja svo vera, en hinir þrír ekki. Fjórir af fimm stjórnendum töldu æskilegt að meiri menntunar væri krafist vegna skólaliðastarfsins og sneri það fyrst og fremst að samskiptum við börn og umönnun þeirra. Flestir stjórnenda nefndu einnig námskeið er snúa að samskiptum við börn, sem þá tegund námskeiða sem þeir myndu helst senda skólaliða á, fengju þeir fjármagn til þess.

5. Þróun starfs

Til að fá fram upplýsingar um þróun skólaliðastarfsins voru skólaliðar og skólastjórnendur beðnir um að svara spurningum er vörðuð breytingar á t.d. verkefnaskipan og álagi í starfi. Þegar spurt var um hvort verkefnum hefði fjölgað eða fækkað hjá skólaliðunum í starfinu síðan þeir byrjuðu í því, sögðu 71% (mynd 15) að þeim hefði fjölgað, aðeins einn sagði að þeim hefði fækkað.



Mynd 15. Þróun starfsins

Einnig töldu flestir skólaliðarnir álagið í starfinu hafa aukist síðan þeir byrjuðu í því. Þegar spurt var beint um þróun starfsins kom í ljós að 48% skólaliðanna fannst starfið vera orðið flóknara en það var þegar þeir byrjuðu í því, en engum fannst starfið orðið einfaldara. Rétt rúmlega helmingi, eða 52%, fannst starfið hvorki einfaldara eða flóknara en þegar þeir hófu störf.

Þeir skólaliðar sem sögðu frá einhverjum tilteknum breytingum á starfinu frá þeim tíma er þeir byrjuðu í því, nefndu t.d. meira líkamlegt álag, meiri undirmönnun og meiri ábyrgð. Þá sögðu 57% skólaliða að þeir gripu oftast í verk annarra miðað við þegar þeir hófu störf.

Álag og starfssvið kom töluvert til umræðu í viðtölunum við skólaliðana og minnst nokkrir á að verkefnalisti hópsins væri alltaf að lengjast. Þessi þróun virðist sums staðar valda ágreiningi, sem og það ef óljóst er hversu langt skólaliðar eiga að ganga inn í störf annarra starfsmanna í skólanum, eins og t.d. stuðningsfulltrúa og kennara. Fram kom að stundum finnst skólaliðum erfitt að neita að vinna einhver verk sem þeir eru beðnir um, þar sem dæmigert sé að starfslýsing þeirra kveði á um að þeir sinni tilfallandi verkum. Þannig spurði einn viðmælanda hvort biðja mætti skólaliða um að gera nánast „allt“ innan skólans.

Líkamlegt erfiði, oftast vegna þrifa, kom einnig mikið til tals. Sumir vildu meina að líkamlegt erfiði tengt starfinu væri að aukast og gott væri ef þriffin væru minni eða yrðu alveg afnumin úr skólaliðastarfinu. Frekar ætti að kaupa þriffin utanfrá og þriffin færu fram utan skólatíma.

Þannig gætu skólaliðar sinnt öðrum verkefnum í skólunum, enda af nógu að taka. Talað var um að veikindi skólaliða bitni oft illa á þeim sem eftir eru hvað þrífín varðar því sú vinna deilist á þá sem fyrir eru þar sem ekki er til aukastarfsfólk til að kalla í eins og í sumum störfum innan skólans. Það heyrðist rætt að ein meginástæðan fyrir því hversu erfitt sé að manna skólaliðastörfin sé að fólki finnist þrífín fráhrindandi.

Stækkandi verksvið skólaliða var þó ekki endilega bara eitthvað sem viðmælendur upplifðu neikvætt. Þannig tiltóku sumir skólaliðanna að þeir væru ánægðir með þá fjölbreytni sem starfið býði uppá.

IV. Samantekt

Hér hefur verið lýst niðurstöðum greiningar á störfum skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur. Í henni tóku þátt 21 skólaliði og sex skólastjórnendur vor og haust 2007.

Yfirleitt voru engar menntunarkröfur gerðar til starfs skólaliða og aðeins einu sinni gerðar kröfur um starfsreynslu. Algengast var að skólaliðar hefðu fengið starfið eftir að hafa sótt beint um starfið til viðkomandi skóla. Allir skólaliðarnir sem tóku þátt í könnuninni höfðu starfið sem aðalstarf og flestir voru í fullu starfi við skólann.

Menntunarlegur bakgrunnur skólaliða var oftast grunnskólapróf. Þrír höfðu lokið skólaliðanámi. Yfir helmingur lokið einhverskonar frekara námi eftir að skyldunámi lauk, oftast í formi námskeiða.

Verkefni skólaliða snérist oftast um umsjón nemenda í frímínútum og öðrum hléum milli kennslustunda, t.d. í fatahengi við komu og brottför nemenda. Nær allir sinntu ræstingum daglega og um helmingur tók þátt í matargerð og afgreiðslu matvæla fyrir nemendur.

Helst reyndi á lestur af þeim grundvallarfærniþáttum sem spurt var um. Fáir þurftu að nota reikning eða rituðu lengri texta. Margir skólaliðanna tjáðu sig *munlega* á erlendu tungumáli í starfinu í starfinu en lítið var um lestur eða ritun erlendra tungumála.

Mikið reyndi á samskipti og samstarf í starfi skólaliða, oftast við nemendur og samstarfsfólk en einnig nokkuð við foreldra. Flestir sögðust nær alltaf eða yfir helming vinnutímans vinna með öðrum að verkefnum.

Töluvert samráð virtist vera um framkvæmd verkefna skólaliða og upplifðu þeir töluvert svigrúm við að ákveða *hvernig* og *hvenær* þeir fengjust við viðfangsefni sín. Samskipti við yfirmenn virtust óþvinguð að mestu leyti.

Nánast allir skólaliða höfðu einhvern tíma komið með *nýjar hugmyndir í vinnunni*, oftast til að einfalda verk/spara tíma eða til að bæta *vinnuaðstæður*. Hugmyndir þeirra komust oftast í framkvæmd.

Lítið reyndi á skipulagsfærni nema hvað varðaði eigið vinnuskipulag og lítið reyndi á tölvufærni og meðferð gagna.

Lestur var mikilvægasti grundvallarfærniþátturinn og flestir skólaliðar töldu sig geta sinnt lestri vel. Tæpum þriðjungu fannst færni sinni í erlendri tungumálanotkun ábótavant. Allir skólaliðar töldu sig *vel* eða *sæmilega* í stakk búna til að eiga samskipti og samstarf við nemendur og starfsfólk og það voru líka mikilvægustu færniþættirnir í starfinu.

Minnihluti skólaliðanna fékk þjálfun við upphafi starfs en margir þeirra sem ekki fengu þjálfun töldu hana óþarfa. Þegar á heildina er lítið voru 62% skólaliða sáttir við þá þjálfun eða kynningu sem þeir fengu í upphafi starfsins, burtséð frá því hvort þeir fengu formlega þjálfun eða ekki. Meira en helmingur viðmælenda hafði fengið einhverja endurmenntun eftir að þeir byrjuðu í núverandi starfi, flestir fyrir meira en einu ári síðan og oftast á

námskeiði/námskeiðum. Um helmingur sagðist fá nægjanlegar upplýsingar um símenntunarmöguleika.

Áberandi var að skólaliðum fannst þeir skorta fræðslu um börn almennt, ekki síst börn með sérþarfir, en einnig samskipti almennt við nemendur og við nemendur með hegðunarvanda. Upplýsingaflæði um stöðu nemenda fannst mörgum vera ábótavant.

Um helmingi skólaliða fannst starfið flóknara en það var þegar þeir byrjuðu í því, yfir 70% fannst verkefnum hafa fjölgað og yfir 80% fannst álag hafa aukist. Mörgum viðmælendum fannst verksvið sitt alltaf vera að stækka, og margir kvörtuðu undan miklu líkamlegu álagi vegna þrifa í kjölfar manneklu.

Þeir skólastjórnendur sem við var talað voru oftast en ekki með svipaðar hugmyndir um skólaliðastarfið og skólaliðarnir sjálfir. Þar helst mátti merkja mun á svörum hópanna má nefna að skólastjórnendur sögðu yfirmenn hafa meira um framkvæmd verkefna skólaliða að segja en skólaliðar töldu sjálfir. Skólastjórar töldu að hugmyndum skólaliða væri oftast komið í framkvæmd en skólaliðar og einnig töldu þeir þjálfun við upphaf starfs vera í fastari skorðum. Meirihluti skólastjóra taldi æskilegt að skólaliðar væru meira menntaðir en þeir almennt eru, og að sú menntun ætti fyrst og fremst að snúa að börnum og samskiptum við þau. Hér ber að hafa í huga að rætt var við færri skólastjóra en skólaliða og því getur misræmið stafað af því að fyrirkomulag er ólíkt milli skóla. Því ber að skoða þessar tülkanir með þeim fyrirvara.

V. Lokaorð

Hér hefur verið lýst niðurstöðum úr starfagreiningu skólaliða sem fór fram sumar og haust 2007. Markmið hennar var að skoða á hvaða færniþætti reyndi í starfi skólaliða, skoða helstu verkefni þeirra, meta þróun starfsins og þörf fyrir símenntun.

Skólaliðar eiga í miklum samskiptum við nemendur, hafa eftirlit með þeim í skólanum og á skólalóð, og aðstoða þá við ýmis verk. Það kom sterkt fram að skólaliðar telja sig þurfa þjálfun og leiðsögn til að samskipti við nemendur gangi vel – þetta má sjá í óskum þeirra um námskeið og þegar þeir nefna hvað valdi þeim helst erfiðleikum í starfi. Upplýsingaflæði um nemendur með sérþarfir eða hegðunarvanda virtust ekki nægar til skólaliða, en þeir töldu sig bæði hafa nokkru að miðla um þessa nemendur og eins væri það skólaliðum nauðsynlegt að fylgjast með stöðu nemenda og þróun mála, til að geta komið til móts við þá.

Skólaliðarnir höfðu verið nokkuð virkir í að sækja námskeið og óskir þeirra um námskeið endurspegluðu bæði áhuga þeirra á starfinu og gáfu vísbendingar um hvar auka mætti þjálfun og undirbúning þessara starfsmanna. Námskeið um samskipti við börn, sérþarfir barna og hegðunarvanda þeirra, voru áberandi en einnig voru nefnd námskeið um táknmál, skyndihjálpar, matreiðslu og tölvufærni. Miðað við fyrri starfagreiningu skólaliða frá 1998, höfðu færri skólaliðar nú verið virkir í símenntun, enda virtist sem upplýsingar um tækifæri til símenntunar skiluðu sér ekki með skilvirkum hætti.

Mikilvægt er að skoða þjálfun eða kynningu á starfi við upphaf þess. Fáir fengu formlega þjálfun; sumir höfðu reyndar starfsreynslu úr öðrum grunnskólum en samt ætti alltaf að vera þörf á lágmarks kynningu á nýjum vinnustað. Skólastjórar töldu þjálfun vera í föstum skorðum, ólíkt skólaliðum sjálfum. Þetta mætti skýra með því að það sé ef til vill ekki alltaf hlutverk skólastjóra að sjá um kynningu eða þjálfun fyrir þessa starfsmenn eða að sú þjálfun sem í boði er sé svo lítil að starfsmenn svari þannig að þeir hafi ekki fengið neina leiðsögn. Hér þarf líka að hafa í huga að menntun skólaliða er í flestum tilvikum einungis grunnskólanám, og hefur hlutfall starfsmanna með þann bakgrunn aukist frá 1998.

Séu starfslýsingarnar frá 1998 og 2007 bornar saman, virðist sem fjölbreytni hvað varðar verkefni hafi minnkað í starfi skólaliða. Ræsting tekur meira rými í daglegu starfi og ýmis verkefni hafa fallið niður. Samt sem áður er það upplifum skólaliðanna sem rætt var við nú, að starfið sé alltaf að verða fjölbreyttara og að verkefnum hafi fjölgað. Hluti af skýringunni er sennilega sá, að vinna með fólki er að sjálfsögðu alltaf fjölbreytt þó eðli verkefnanna sé það kannski ekki. Annað sem spilað gæti inn í er að skólaliðar upplifa mun meira álag í starfi en áður, og vegna manneklu dreifast verkefni á þá starfsmenn sem fyrir eru og þannig má auðveldlega sjá hvers vegna skólaliðum finnst verkefnum hafa fjölgað.

Skólaliðar voru almennt ánægðir í starfi og fannst vinna með nemendum gefa þeim mikið og samstarf við samstarfsfólk ganga vel. Það er mikilvægt að skoða áfram starfssvið þeirra og framboð á símenntun og ætti þessi starfagreining að nýtast vel í þeim tilgangi.